

Forvarnarstefna

Hrunamannahrepps
og Skeiða- og Gnúpverjahrepps



Forvarnarstefnunni sem forvarnarstarfið byggist á er ætlað að hafa jákvæð og víðtæk áhrif á líferni íbúanna, jafnt fullorðinna sem þeirra sem yngri eru. Ljóst er að hlutverk foreldra er afar mikilvægt og því gegnir fjölskyldan og samfélagið allt lykilhlutverki við forvarnir því þar verða fyrirmyndirnar til og þar liggur ábyrgðin.



Félags- og íþróttastarf á hverjum tíma er afar mikilvægt og sýnir reynslan að þátttaka í slíku starfi hefur jákvæð áhrif á hegðun og dregur úr hættunni á að ánetjast ávana- og fíkniefnum og að þróa með sér annan lífsstíl sem ógnað getur heilsufari okkar.

Bæði skólar og skipulagt félagsstarf hjá börnum gegna mikilvægu hlutverki við að efla forvarnir sem og auknar samverustundir fjölskyldunnar.

Mikilvægt er að allir þeir sem koma að starfi með ungmennum ræði opinskátt um þær hættur sem geta haft neikvæð áhrif á líferni þeirra hvort heldur er tóbak, vímuefni, ofbeldi af öllu tagi eða hvaðeina sem kann að ógna tilverunni til hins verra.

Þær stofnanir sem vinna með börnum s.s. skólar, félagsmiðstöð og íþróttafélög, skulu vinna markvisst og í góðri samvinnu við að skipuleggja og bjóða reglulega upp á forvarnarfræðslu fyrir börn og foreldra/forráðamenn.

Hlutverk forvarnarstefnunnar er að:



- Hér búi tóbaks- og vímuefnalaus æska.
- Styðja við og styrkja félags- og íþróttastarf í þágu ungmenna.
- Huga að andlegri og líkamlegri heilsu íbúanna.
- Vinna og virkja forvarnaráætlanir í skólum og í félagsmiðstöð, sem endurskoðaðar eru þegar þörf er á. Fræðslunefnd skal sjá til þess að slíkar áætlanir séu gerðar og þeim fylgt.
- Þjóða að minnsta kosti á hverju skólaári upp á fræðslu til ungmenna og fullorðinna þar sem m.a. er lögð áhersla á offitu, félagslega einangrun, tóbaks- og vímuefnanotkun, sjálfsstyrkingu, óhóflega líkamsdýrkun, klámvæðingu, kynbundið ofbeldi og einelti.
- Vinna að því að ungmenni og foreldrar/forráðamenn virði lög um útivistartíma.
- Þjóða þeim sem starfa með börnum og ungmennum upp á fræðslu þar sem m.a. eru dregin fram einkenni þess að einstaklingur búi við eða hafi orðið fyrir ofbeldi af einhverju tagi, jafnt líkamlegu sem andlegu og nauðsyn þess og skyldu að tilkynna slíkt.
- Koma því í huga okkar að þöggun og meðvirkni er aldrei til góðs.



Til að fylgjast með og kanna hvort stefnan skili tilætluðum árangri þarf að gera kannanir meðal nemenda og annarra ungmenna, foreldra/forráðamanna og starfsmanna í skólum og félagsmiðstöð. Einnig þarf að kanna virkni og þátttöku einstaklinga í starfinu, fylgjast með opinberum tölum frá lögreglu og Barnastofu og efla samskipti og miðlun upplýsinga milli viðkomandi stofnana sveitarfélaganna.

Forvarnarstefnan á að vera lifandi leiðsögn sem tekur breytingum á hverjum tíma og er í sífældri endurskoðun.